

STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 1997

16. september 1997

1243

Nr. 551

REGLUGERÐ

um síldveiðar íslenskra skipa í efnahagslögsögu Noregs.

1. gr.

Aðeins þeim íslensku skipum, sem fengið hafa til þess sérstakt leyfi norskra stjórnvalda og Fiskistofu er heimilt að stunda veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum í efnahagslögsögu Noregs. Aðeins er heimilt að stunda síldveiðar í nótt. Veiðar eru aðeins heimilar norðan 62°N og utan 12 sjómílna fjarlægðar frá grunnlínunum við Noreg.

2. gr.

Heimilt er íslenskum síldveiðiskipum, sem leyfi hljóta samkvæmt 1. gr., að veiða samtals 10.000 lestir í efnahagslögsögu Noregs á árinu 1997. Hverju skipi er þó aðeins heimilt að veiða 770 lestir af síld á árinu 1997 og veiði skip umfram leyfilegt magn, skal beita ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

3. gr.

Síldveiðiskipum er einungis heimilt að landa afla sínum í höfnum í Noregi og á Íslandi.

4. gr.

Í veiðileyfum Fiskistofu er kveðið á um tilkynningaskyldu skipstjórnarmanna til Fiskistofu. Skipstjórnarmönnum ber að fylgja reglum norskra stjórnvalda um veiðar í norskrri lögsögu.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út með stoð í henni varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. september 1997.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Haraldsdóttir.